

## Reglur um liðveislu.

### 1. gr.

#### Markmið

Markmið með liðveislu er að efla viðkomandi til sjálfsbjargar, veita honum persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar- og félagslífs.

### 2. gr.

#### Skilgreining

Samkvæmt 2.gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra á sá rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega og líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón og heyrnarskerðingu.

### 3. gr.

#### Markhópur og forsendur

Forsenda þess að geta sótt um félagslega liðveislu skv. reglum þessum er að umsækjandi eigi lögheimili í Dalvíkurbyggð. Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum má veita félagslega liðveislu fötluðum börnum á aldrinum 6-17 ára og fullorðnum fötluðum einstaklingum frá 18 ára aldri. Þjónustan er háð fjárhagsáætlun hverju sinni. Hún er tímabundin og er tímafjöldi og lengd samningstíma háð mati hverju sinni.

### 4. gr.

#### Mat á þjónustupörf og ákvörðun um þjónustu

Sótt er um félagslega liðveislu inná íbúagátt sveitarfélagsins. Við mat á þjónustupörf skal tekið tillit til fötlunar, heimilisaðstæðna og þeirrar þjónustu sem sá fatlaði nýtur. Mat á þjónustupörf á liðveislu fer í gegnum matshóp sem sitja félagsmálastjórar og ráðgjafar í málefnum fatlaðra í Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð á grundvelli umfang og eðli þeirrar þjónustu sem veitt er. Síðan er tillaga lögð fyrir félagsmálanefnd til fullnaðarafgreiðslu. Ef upp kemur ágreiningur fer málið fyrir félagsmálaráð.

### 5. gr.

#### Umfang þjónustu og þjónustusamningur

Liðveisla er veitt tímabundið, mest 12 mánuði í senn og minnst 3 mánuði í senn. Gerður skal samningur við liðsmann um hvert verkefni þar sem kveðið er á um samningstímabil, mánaðarlega vinnuskyldu og skipulag starfs. Liðveisla samkvæmt reglum þessum er tvenns konar:

Mikil fötlun, það er að segja einstaklingur sem er alfarið háður hjálp annarra og skal liðveisla vera mest 16 klst. á mánuði.

Minni fötlun og skal liðveisla vera mest 12 klst. á mánuði.

Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki félagsmálaráðs er heimilt að veita liðveislu umfram það það sem hér segir.

## 6. gr.

### Starfsmenn

Ráðgjafabroskabjálfi ræður liðveitanda til starfa í samráði við félagsmálastjóra. Ráðgjafabroskabjálfi mun hafa umsjón með liðveislu og annast þjálfun og ráðgjöf við starfsfólk. Liðveitendur taka laun sín frá

Dalvíkurbyggð skv. launataxta Kjalar. Liðveitendum er óheimilt að taka við greiðslum eða meiriháttar gjöfum frá þeim sem njóta liðveislu.

**Liðveitendur skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu.**

Félagsmálastjóri sér um launa- og kostnaðarhlíð liðveislu. Félagsmálastjóri ber ábyrgð á að veittur tímafjöldi sé innan marka fjárhagsáætlunar hverju sinni.

## 7. gr.

### Útlagður kostnaður

Heimilt er að greiða útlagðan kostnað liðveitanda upp að vissu marki. Notandi og liðveitandi greiða hver fyrir sig þann kostnað sem fylgt getu liðveislunni s.s. þátttökugjald, veitingar og þ.h. Liðveitandinn fær sinn kostnað endurgreiddan gegn framvísun kvittana. Félagsmálaráð setur sér viðmið um hámark á útlögðum kostnaði.

## 8. gr.

### Akstur

Hvatt er til þess að nota nærumhverfið eins og kostur er. Ef nauðsynlegt er að nota eigin bíl eða að liðveitandi leggi til eigin bíl er slíkur akstur háður skriflegu samkomulagi milli notanda og liðveitanda. Notandi greiðir fyrir aksturinn. Gjald fyrir akstur er miðað við aksturgjald Sjúkratryggingar Íslands eða 33,05 kr á km (sem verður uppfært samkv. gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands ár hvert). Liðveitandi sér sjálfur um að rukka inn akstur til þjónustuþega.

## 9. gr.

### Gildistaka

Reglur þessar eru settar skv. lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í félagsmálaráði 5.maí 2015

Samþykkt í Sveitastjórn 19.maí 2015